



Sigga á Grund gerð að heiðurslistamanni

Sigríður Jóna Kristjánsdóttir, eða Sigga á Grund eins og hún er alltaf kölluð, hefur bæst á lista heiðurslistamanna samkvæmt breytingartilögu meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Sigga er landsþekkt fyrir handverkin sín. Hún sker mikið út í tré, en hún hefur

meðal annars skorið út allar gangtegundir íslenska hestsins. Hún sinnir einnig öðrum handverkum af miklum metnaði. Hún var gerð að fyrsta heiðursborgara Flóahrepps í 80 ára afmælishófi hennar í Vatnsholti í Flóa í maí síðastliðinn.



Skjálftinn fer fram um helgina



Skjálftinn, hæfileikakeppni sunnlenskra ungmenna fer fram laugardaginn 23. nóvember í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Skjálftinn er byggður á Skrekk sem hefur verið haldinn fyrir ungmenni í grunnskólum Reykjavíkurborgar í yfir 30 ár og er nú haldinn í fjórða sinn.

Sem fyrr þá verður íþróttahúsinu breytt í glæsilegt menningarhús þar sem atriði þeirra skóla sem taka þátt í ár munu njóta sín við fyrsta flokks aðstæður. Skjálftinn er haldinn með myndarlegum stuðningi frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga.

Indverskur veitingastaður opnar í Miðbæ Selfoss

Arekie Fusion er nafnið á indverskum veitingastað sem mun opna í miðbænum á Selfossi eftir áramót. Staðurinn verður í gamla Sigtúni, við hlið ráðhússins, þar sem Joe & the Juice var áður. Eigendur og stofnendur eru hjónin Sush og Monish Mansharamani, en þau reka matarvagna með sama nafni í Bandaríkjunum. Sush er frá Kanaríeyjum og Monish frá Indlandi og segja þau að Arekie-veitingastaðurinn muni sameina

latínó- og indverska matargerð á skemmtilegan hátt.

„Markmið okkar er að skapa aðlaðandi rými þar sem fólk getur slegist í för með okkur á þessari matarupplifunarferð,“ segir Sush. „Selfoss býður upp á frábærar aðstæður fyrir næsta kafla okkar og við getum ekki beðið eftir að deila ástríðu okkar fyrir mat með samfélaginu hér.“

Matarvagnar Arekie hafa notið mikilla vinsælda þar sem þeir eru í Orígon-fylki á vestur-

strönd Bandaríkjanna og fyrir nokkrum vikum var staðurinn valinn besti götubittinn í borginni Eugene. „Þegar ólíkum matarhefðum er slegið saman skiptir hugmyndaauðgi og nákvæmni miklu máli. Arieke er innblásin af sameiginlegri ástríðu okkar fyrir ferðalögum um heiminn og ást okkar á ljúffengum götumat,“ segir Sush.

Framkvæmdir á nýja staðnum eru hafnar og áætlað er að hann opni fljótlega eftir áramót.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
 Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
 Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Pub Quiz með Sverri Bergmann á Selfossi

Samfylkingin í Suðurland býður í Pub Quiz í Tryggvaskála á Selfossi, föstudaginn 22. nóvember kl. 20.

Spyrill kvöldsins er enginn annar en Sverrir Bergmann og mun Tómas Jónsson aðstoða Sverri í tónlistar tengdum spurningum.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 30. nóvember og sunnudaginn 1. desember nk. verða jólaljósir kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til aðstoðar kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 30. nóv. og 12:00 - 16:00 sunnudaginn 1. des.



Orkugjald: Kr. 6.000,- á leiði.

Hægt er að greiða á staðnum eða í verslun Árvirkjans sem verður opin kl. 10:00 - 16:00 laugardaginn 30. nóv.

Kirkjugarðsvörður.



„Af því að ég veit að ég get það“

Á aðalfundi Fræðslumiðstöðv-
ar atvinnulífsins (FA) sem haldinn var miðvikudaginn 13. nóvember, var Noelinie Namanya sem stundaði nám hjá Fræðslunetinu valin fyrirmynd í námi fullorðinna ásamt Sigurði K. Guðmundssyni sem stundaði nám hjá Mími. Viðurkenningin er veitt árlega þeim einstaklingum sem hafa breytt stöðu sinni eftir þátttöku í úrræðum FA, sýnt framúrskarandi árangur, frumkvæði, kjark og náð að yfirstíga ýmiss konar hindranir.

Noelinie vildi læra meira

Noelinie kom til Íslands árið 2013 og fór þá að vinna við umönnun á hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík. Síðar flutti hún í Landeyjarnar og fór að vinna í skólaeldhúsinu í Hvolsskóla. Þar hitti hún Steinunni verkefnastjóra Fræðslunetsins sem kynnti fyrir henni íslenskunámskeið. Noelinie skráði sig í Íslensku II sem var töluverð áskorun fyrir hana, ekki síst þar sem kennarinn var pólskur og stundum fóru útskýringar fram á pólsku.

Eftir þessa prófaun fann Noelinie að hún vildi læra meira. Hún bókaði viðtal hjá Eyðisi Kötlu náms- og starfsráðgjafa Fræðslunetsins sem kynnti fyrir henni hvaða nám væri í boði hjá Fræðslunetinu. Haustið 2018 skráði Noelinie sig í Menntastöðir og Félagsliðabré. Vorið 2019 lauk Noeline 27 einingum í Menntastöðum og haustið 2020 útskrifaðist hún sem félagsliði. Samhliða náminu vann hún á hjúkrunarheimilunum Klausturhólum og Seltjörn.



Noelinie ásamt Hildi Bettýju Kristjánsdóttur framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Veturinn 2019 þegar Noelinie var að vinna á Seltjörn var margt starfsfólk í einhvers konar námi og þar kviknaði áhugi hennar á að fara í sjúkraliðanám. Hún skráði sig í FB og útskrifaðist sem sjúkraliði vorið 2022.

Að trúa á eigin getu

Í dag er Noelinie að vinna á Grensás endurhæfingardeild Landspítalans og hefur samhliða sinni vinnu getað tekið fjöldamörg styttri námskeið fyrir sjúkraliða. Markmið hennar er að læra öldrunarhjúkrun. Í þakkarorðum

Noelinie sagði hún ástæðu þess að hún ætlaði að fara í það nám vera: „Af því að ég veit ég get það.“

Noelinie hefur sannarlega sýnt framfarir í námi, haldið ótrauð áfram og fylgt þeim markmiðum sem hún setti sér. Hún hefur látið drauma sína rætast, lært íslensku, farið í nám, hefur náð sér í starfsréttindi og er nú komin á þann stað sem hún er á í dag. Hún hefur sýnt mikla seiglu og er því verðugur fulltrúi sem fyrirmynd í námi fullorðinna.

Heilbrigðiskerfi fyrir öll

Við erum flest íbúar Suðurland kjördæmis sammála um að það megi bæta grunnþjónustu heilsugæslunnar. Víða í kjördæminu, eða jafnvel alls staðar, er heilsugæslan vanmönnuð af annars frábæru fagfólki sem er með allt of margt á sinni könnu. Fastráðnir lækmar eru varla til og ef svo er sinna þeir allt of stóru svæði og of mörgum tilfellum. Úr þessu verður að bæta. Það er nefnilega mun dýrari kostur að fara ítrekað á bráðavaktina til að fá almenna lækniþjónustu. Það er eðlilegt þegar lækmar stoppa stutt við að þeir kynnist síður íbúum sem getur haft þau áhrif að íbúar verði óöruggir gagnvart þjónustu og minni líkur á að traust myndist milli heimilislækis og íbúa og það er slæmt. Við þurfum að tryggja öllum læknum staðaruppbót, viðunandi starfsaðstöðu og húsnæði. Einnig ætti að horfa til þess að virkja 28. grein laga Menntasjóðs námsmanna þar sem heimilt er að veita ívilnanir á námslánum til þeirra starfstétta sem skortur er á úti á landsbyggðum.

Það þarf að auka fjarheilbrigðisþjónustu enda slíkt raunhæfur kostur nú á tímum tækninnar og þannig gæta að félagslegum grunni þjónustu og jöfnuði fyrir okkur öll. Við verðum einnig að tryggja reglulegar komur sérfræðinga út á land til að draga úr ferðatíma fólks og tryggja þannig betri og öruggari búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Íbúum í Suðurland dæmi fjölga stöðugt, hér fara einnig langflestir ferðamenn um með tilheyrandi álagi á heilbrigðiskerfið og það verður að taka tillit til þess þegar tölur og tækifæri eru rædd. Það má ekki gerast að opinbera heilbrigðiskerfið sé svo svelt að rými skapist fyrir einkavæðingu sem gerir ekkert nema að auka á ójöfnuð og valda áður óþekktri stéttaskiptingu hérlandis. Frjálsbyggjan býður nefnilega handan við hornið eftir hverri smugu til að einkavæða og græða.

Við þurfum að standa vörð um og stuðla að uppbyggingu öflugrar opinberrar heilsugæslu, efla þjónustu heimilislækna og

Hólmfríður
Jennyjar Árnadóttir

Oddviti Vinstri
grænna í Suðurland
kjördæmi



fjölga stöðugildum. Um leið verðum við að verja almenna heilbrigðiskerfið gegn einkavæðingu með öllum ráðum. Heilsugæsla rekin í ágóðaskyni er ekki góður kostur. Rekstrarform skiptir nefnilega miklu máli. Þar sem heilbrigðiskerfi ná hvað mestum árangri er um að ræða öflug opinber heilbrigðiskerfi. Það er auk þessa mikilvægt að tryggja sanngjarna skiptingu fjármuna á landsvísu til reksturs og uppbyggingar heilsugæslunnar, mönnun er vissulega stóra viðfangsefnið. Höfum í huga að einkarekstrarformið fjölga ekki starfsfólki heldur sveltir opinberar stofnanir. Við í Vinstrihreyfingunni grænu framboði stöndum einhuga með öflugu opinberu heilbrigðiskerfi fyrir okkur öll.



HÚSASMÍÐJAN



21.-24. nóvember
**Lengri opnun á
afmælisvikunni**

Opið til kl. 20 á fimmtudaginn og
opið verður á sunnudag kl. 11-15

AFMÆLIS HÁTÍÐ Á SELOSSI

Dagskrá:

Fimmtudagur:

- Barna og unglingakór Selfosskirkju syngur jólalög kl 19:00
- Afmælis skúffukaka í boði meðan birgðir endast.
- Kjörís íspinnar fyrir alla

Föstudagur:

- Morgunkaffi í afmælisbúningi frá kl. 9-12
- Afmæliskaka meðan birgðir endast.

Laugardagur

- Latibær skemmtir kl. 13:00 á laugardaginn
- Kjörís íspinnar fyrir alla



**Latibær
skemmtir
kl. 13:00
á laugardag**



33%

Jólastjarna

Íslensk framleiðsla

1.990_{kr}

~~2.990_{kr}~~

25%

Allar vörur í Blómavali 25% • Jólaseriur og Jóla ljós 25%
Jólavörur, skraut og gervitré 25% • Búsáhöld 25%
Smáraftæki 20% • Málning 25% Rafmagnsverkfæri 20%
Parket og flísar 25% • Ljós 20% (Gildir ekki af HUE)
Blöndunartæki og hreinlætistæki fyrir eldhús og bað 25%

Anna Metta setti Íslandsmet í tveimur flokkum í þrístökki

Keppendur Frjálsíþróttadeildar Selfoss tóku þátt í Silfurleikum ÍR laugardaginn 16. nóvember. Allir þátttakendur 11 ára og yngri fengu þátttökuverðlaun á mótinu, í flokki 12 ára fengu 10 stigahæstu verðlaun og veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í flokkum 13-17 ára. Keppendur deildarinnar stóðu sig frábærlega en hæst bar Íslandsmet Önnu Mettu Óskarsdóttir í þrístökki í flokkum 14 og 15 ára og HSK met Hjálmar Vilhelms Rúnarssonar í kúlurvarpi.

Anna Metta Óskarsdóttir stórbætti sig í þrístökki þegar hún stökk 11,46 m og bætti tvö Íslandsmet í þrístökki, bæði í flokki 14 og 15 ára. Íslandsmetið í 14 ára flokki var 11,38 m í eigu Þórdísar Evu Steinsdóttir og 15 ára metið var 11,43 m í eigu Örnú Stefaniú Guðmundsdóttur. Frábær árangur hjá þessari stórefnilegu íþróttakonu en að sjálfsögðu vann hún til gullverðlauna í þrístökkinu. Stökkið er jafnframt þriðja lengsta þrístökk ársins í kvennaflokki. Hún vann einnig til gullverðlauna þegar hún vipaði sér yfir 1,58 m í hástökki og þegar hún kom fyrst í mark í 800 m hlaupi á tímnum 2:52,80 mín. Hún nældi



sér einnig í þrenn silfurverðlaun á mótinu. Hún hljóp 60 m á 8,36 sek, 200 m hljóp hún á 28,20 sek og 60 m grindahlaupið fór hún á 10,15 sek. Að lokum kastaði hún kúlunni til bronsverðlauna þegar hún kastaði henni 9,20 m. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson stóð sig frábærlega í flokki 16-17 ára. Hann krækti sér í gullverðlaun í þremur greinum. Í kúlurvarpi stórbætti hann HSK-met Arnar Davíðssonar í flokki 16-17 ára þegar hann kastaði kúlunni 15,18 m en eldra metið var 14,35 m. Hástökkið sigraði hann þegar hann bætti sig með 1,90 m stökki sem er jafnframt fjórða hæsta stökk ársins í karlaflokki. Í 60 m hlaupi kom

hann síðan fyrstur í mark á tímnum 7,43 sek sem er bæting hjá kappanum.

Hugrún Birna Hjaltadóttir sigraði í flokki 16-17 ára í grindahlaupi á tímnum 11,01 sek, hún bætti sig í 200 m með tímnum 28,84 sek og vann til silfurverðlauna og að lokum kom hún þriðja í mark í 60 m hlaupi á tímnum 8,76 sek. Arn-dís Eva Vigfúsdóttir sigraði í kúlurvarpi í flokki 15 ára með 10,86 m löngu kasti og Adda Sóley Sæland sigraði í kúlurvarpi í flokki 14 ára þegar hún varpaði kúlunni 9,46 m. Þær stöllur Arna Hrönn Grétarsdóttir og Dagmar Sif Morthens urðu jafnar í 1-3 sæti í hástökki í flokki 15 ára þegar þær vippuðu sér báðar yfir 1,41 m. Elísabet Freyja Elvarsdóttir bætti sig í kúlurvarpi í flokki 13 ára þegar hún varpaði kúlunni 9,62 m og vann til silfurverðlauna. Kristján Kári Ólafsson varpaði kúlunni 11,30 m í flokki 16-17 ára og vann til silfurverðlauna. Þórhildur Salka Jónsdóttir stökk 8,90 m í þrístökki í flokki 12 ára og uppskar bronsverðlaun, sömu verðlaun og Þórhildur Sara Jónasdóttir vann til í 800 m hlaupi í flokki 16-17 ára þegar hún kom í mark á tímnum 2:34, 03 mín.

Hamar sigraði Vestra örugglega

Hamar tók á móti Vestra í Unbroken-deildinni á sunnudaginn var í leik sem frestað var um einn dag vegna veðurs. Leikur liðanna fór rólega af stað og jafnt var framan af en svo sigu Hamarsmenn fram úr er leið á hrinuna og sigruðu hana nokkuð örugglega 25-17. Næstu tvær hrinur voru keimlíkar þeirri fyrstu og sigraði Hamar þær einnig örugglega 25-18 og 25-20. Og þar með leikinn 3-0. Stigahæstur Hamarsmanna var Tomek Leik með 12 stig og Adria Capdevila var atkvæðamestur Vestramanna með 8 stig.



Unnar nýr þjálfari mfl. Hamars

Unnar Jóhannsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla Hamars í knattspyrnu fyrir komandi tímabil. Hann þekkir félagið vel en hann var áður yfirþjálfari yngri flokka Hamars og þjálfaði hann meistaraflokk félagsins sumarið 2021. Unnar skrifaði undir tveggja ára samning og hefur þegar hafið störf. „Það er okkur mikið ánægjuefni að fá Unnar til

starfa og bindum við miklar vonir við komu hans hingað í Hamar. Það verður virkilega spennandi að sjá hann stýra meistaraflokki karla og þeim fjölmörgu ungu og efnilegu leikmönnum sem hafa verið að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki. Framtíðin er björt og við erum virkilega spennt fyrir framhaldinu,“ segir Eydis Valgarðsdóttir, formaður knattspyrnudeildar Hamars.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X

DAGSKRÁIN
1041 0850

Gáta vikunnar

Málgefin er mjög svo hún, mínus einn er þekkt í skák. Við kaffi jafnan kennd var hún, í keiluhaus er líka hún.

Svar við gátu í blaði 2778: **SKOT**
4. Stutt kuldahret, kölluð **skot**

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Sunnlenski
matgæðingurinn

Spaghetti Carbonara sem svíkur engan

Hrefna Ósk Jónsdóttir er matgæðingur vikunnar.



Nú er langþráður draumur loksins orðinn að veruleika, að fá að vera matgæðingur vikunnar hjá Dagskránni.

Þeir sem þekkja mig vita að ég er mjög matvönd en Spaghetti Carbonara er einn af mínum uppáhaldsréttum. Hér er uppskrift sem ætti ekki að svíkja neinn:

- Spaghetti Carbonara**
350 g spaghetti
300 g beikon, skorið smátt
1/2 laukur, hakkaður
2 hvítlauksrif, hökkuð (ég set alltaf aðeins meira)
3 egg
3/4 bolli fínirfinn parmesan
3/4 bolli rjómi
Salt og vel af svörtum pipar

Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakkningu.

Á meðan pastað sýður er beikonið steikt þar til það byrjar að verða stökkt. Takið beikonið af pönnunni og setjið það á eldhúspappír. Hellið fitunni af pönnunni en skolið hana ekki. Setjið pönnuna aftur á helluna, lækkið hitann í miðlungslágann og steikið lauk og hvítlauk þar til mjúkt og komið með gylltan lit. Leggið til hliðar.

Hrærið saman eggjum, fínirfinum parmesan, rjóma, salti og pipar í skál og leggið til hliðar.

Þegar pastað er tilbúið er vatninu hellt af (geymið þó 1-2 dl af pastavatninu) og pastað sett aftur í pottinn. Hellið parmesaneggjablöndunni hægt út í og hrærið stöðugt í pastanu á meðan. Sósan á að hjúpa pastað. Hrærið smá af pastavatninu saman við. Bætið beikoninu og lauknum saman við og hrærið

öllu saman. Berið fram með ferskum parmesan og meira af pipar.

Eftir spaghettíúð er mjög gott að fá sér eftirrött. Þessi oreo-ostakaka slær alltaf í gegn og er hún einn af mínum uppáhaldseftirréttnum.

- Oreo-ostakaka**
1 pakki Royal vanillubúðingur
1 bolli mjólk
1 tsk vanilludropar
1 peli rjómi (2,5 dl.)
200 g rjómaostur
1 bolli flórsykur
24 oreo-kexkökur (ég notaði 32, sem eru 2 kassar)

Þeytið saman búðingsduftið, mjólkina og vanilludropana og setjið í ísskáp í 5 mínútur.

Hrærið saman flórsykri og rjómaosti í annarri skál.

Þeytið rjómann. Blandið þessu öllu saman í eina skál.

Myljið oreokexið (í matvinnsluvél eða með frjálstri aðferð!).

Setjið til skiptis í skál oreokex og ostakökublönduna, endið á kexinu. Geymið í frysti og takið út 1,5 klst. áður en kakan er borin fram.

Ég ætla að skora á góðvin minn og samstarfsfélagi, Gunnar Ásgeir Halldórsson, að vera næsti matgæðingur. Hann töfrar örugglega fram einhvern dýrindis rétt.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGAR

TIL JÓLA



SKANNAÐU KÓÐANN
OG KYNNTU ÞÉR
AHEYRSLUMÁLIN

ÖFLUG FORYSTA MEIRI ÁRANGUR FYRIR OKKUR ÖLL

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN
Í SUÐURKJÖRDÆMI



Leitum að metnaðar-
fullum einstaklingi í
starf **svæðisstjóra**
Suðurlands

Frekari upplýsingar á
hsveitur.is/storf

Við færum fólki
birtu, yl og vatn

hsveitur.is



HS VEITUR

Brostu í skammdeginu



“Þessi orkublanda kemur þér í gegnum veturinn brosandi“



“Ég þróaði þessa vöru með sjálfa mig í huga“

Katrín Amni Friðriksdóttir
Framkvæmdastjóri ICEHERBS

Við þekkjum öll hið klassíska slen og orkuleysi sem hellist yfir íslensku þjóðina eins og þungu mára í skammdeginu með tilheyrandi þreytu og orkuleysi segir Katrín Amni Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi fyrirtækisins **Kavita** sem framleiðir og þróa íslensku bætiefnalínuna **ICEHERBS**.

Ég sjálf verð ofboðslega þreytt á veturnar og myrkrið er mér gríðarlega erfitt. Ég hef alltaf verið svona í gegnum tíðina og hélt oft að það væri hreinlega eitthvað að mér. Svo kom á daginn að mig vantaði meira **D-vítamín** og **smá orkubúst**. Skorturinn hafði mikil áhrif á lífsgæði mín, það var erfitt að vakna á morgnana og myrkrið hafði slæm áhrif á líkamsstarfsemina.

Orkublandan okkar frá **ICEHERBS** inniheldur **2000 einingar af D-vítamíni** og burnirót (*Rhodiola rosea*), og er hún sniðin að þeim sem glíma við skammdegisslen. Það er ótrúleg virkni í Orkublöndunni enda heyrir ég mikið frá viðskiptavinum okkar hvað varan gerir þeim gott og flestir finna fyrir vikni hennar innan örfárra daga og vakna hressari á dimmum morgnum.

Ég þróaði þessa vöru í raun með sjálfa mig í huga. Mér fannst spennandi að tvínnu saman þessi tvö innihaldsefni enda hefur inntaka á bæði **D-vítamíni** og **burnirót reynst mér gríðarlega vel**. Við þekkjum öll mikilvægi sólarvítamínsins sem **D-vítamín** er. Svo er burnirótin einfaldlega mín uppáhalds jurt, þar sem hún er þekkt fyrir að auka orku og kraft, hefur mjög jákvæð áhrif á þreytu, streitu, einbeitingu og andlegt úthald.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Ný Ölfusárbrú- af hverju svona brú?

Fáir efast um mikilvægi þess að byggja nýja brú yfir Ölfusá, vegna vaxandi umferðar og umferðartafa í gegnum Selfoss en ekki síður vegna ástands núverandi brúar sem orðin er tæplega 80 ára gömul og ekki hönnuð fyrir það umferðarálág sem á henni er nú. Sökum burðargetu, ástands brúarinnar og aukins umferðarálágs er líklegt að grípa þurfi til takmarkana á þungaumferð um hana áður en ný brú verður tekin í notkun.

Nokkur umræða hefur sprottandi um hönnun nýju brúarinnar. Brúin er stagbrú og byggir valið á burðarformi á ítarlegri greiningu valkosta og er talin hagkvæmasti kosturinn, m.a. með hliðsjón af flóðahættu í Ölfusá, hættu á ísstíflum og kostum stagbrúa til að taka upp færslur og álag vegna jarðskjálfta.

Bygging nýrrar brúar Ölfusá er hluti af verkefninu Hringvegur um Ölfusá sem snýst um færslu hringvegarins út fyrir þéttbýlið á Selfossi. Verkið snýr að byggingu 330 metra langrar brúar, nýs 3,7 km Hringvegar auk um 1 km af öðrum tveggja akreina vegum. Gerð verða ný vegamót austan Selfoss, undirgöng undir Hringveg fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn ásamt undirgöngum fyrir bíla og gangandi. Auk umferðar mun brúin bera uppi lagnir veituaðila, rafmagn, ljósleiðara, heitt vatn og kalt.

Markmiðið með framkvæmdunum er að auka afkastagetu hringvegarins, aðskilja akstursstefnur og bæta umferðaröryggi. Helsta breytingin sem framkvæmdin hefur í för með sér er að Hringvegur (1) styttest um 1,2 km og ferðatími styttest að lágmarki um fimm til sex mínútur en mun meira á álagstímum. Einnig mun greiddast úr þeim umferðar-teppum sem oft hafa skapast við gömlu Ölfusárbrúna.

Öll samgöngumannvirki sem Vegagerðin byggir eru hönnuð með hagkvæmni og virkni að leiðarljósi en ekki síður þannig að mannvirkin falli vel að landi og umhverfi á hverjum stað. Verkfræðilegar áskoranir sem fyrst og fremst ráðast af staðháttum og lausnir á þeim hafa verið hafðar að leiðarljósi við hönnun Ölfusárbrúar og aðliggjandi mannvirkja, alltaf þarf að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Útkoman verður því vandad mannvirki sem mun standa til langs tíma.

Skynsamlegt val

Brúin verður 330 m löng stagbrú með 60 metra háum turni á Efri-Laugarðælaeyju. Brúargólf verður 19 m breitt og er gert ráð fyrir 2+1 vegi með aðskildum akstursstefnum, ásamt göngu- og hjólaleið. Einnig er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið undir brúna á báðum árbökkum. Brúin verður hönnuð þannig að hún geti borið fjórar akreinar til framtíðar verði þörf á því.

Hönnun Ölfusárbrúar hefur verið talsvert til umræðu og

ýmsum sjónarmiðum hefur verið haldið á lofti. Það er ekki þannig að það sé bara ein rétt lausn við hönnun brúa á hverjum stað og gjarnan fleiri en einn valkostur sem koma til greina. Mat á umhverfisáhrifum fór fram árið 2010 og var burðarform og útlit brúarinnar kynnt þar án þess að nokkrar athugasemdir kæmu hvað það varðar. Framkvæmdaleyfi vegna Ölfusárbrúar var gefið út haustið 2023 í framhaldi af grenndarkynningu þar sem engar athugasemdir bárust varðandi útlit brúarinnar. Almennir og hagsmunaaðilar hafa því fengið að hafa skoðun á henni á opinberum vettvangi.

Ein af frumforsendum hefur verið að ekki mætti hindra árfarveg Ölfusár, enda er Ölfusá ein vatnsmesta á landsins og hafa flóð í henni haft áhrif á þéttbýlið á Selfossi og víðar í gegnum tíðina. Stórfloð voru t.d. 2006 og 1968 og þá hafa ísstíflur myndast, m.a. í brúarstæði nýrrar Ölfusárbrúar, síðast árið 2023. Það hefur því verið talin vera grunnforsenda að þvera árfarveginn óhindrað og lágmarka líkur á því að brúin valdi aukinni flóðahættu fyrir þéttbýlið á Selfossi. Hefðbundnar steypar brýr með millistöplum myndu geta raskað rennsli árinna og þannig aukið hættu á flóðum og ísstíflum.

Í frumhönnun komu tvær meginbrúargerðir til skoðunar, stagbrú og bogabrá. Þessir tveir brúarkostir voru bornir saman og val á stagbrú byggði bæði á hagkvæmni svo og kostum stagbrúa til að taka upp færslur og álag frá jarðskjálftum. Almenn þykja stagbrýr hagkvæmar fyrir haflengdir á bilinu 100-500 m á meðan að bogabrár þykja hagkvæmar fyrir haflengdir á bilinu 50 – 200 m. Hefðbundnar steypar eða stálbitabrár þykja hagkvæmar fyrir haflengdir allt að 50-60 m.

Til samanburðar þá er lengsta brúarhaf á Íslandi í dag hengibrú á Skjálfafljóti í Bárðardal, brú sem byggð var 1955 og spannar 112 m á milli turna. Á Íslandi eru einungis 11 brýr þar sem brúarhafið er yfir 70 m og þar af eru einungis fjórar byggðar fyrir nútímaumferð, bogabrá á Fnjóská frá árinu 1999 er með 92 m haflengd, bogabrá á Mjóafjörð í Djúpi frá árinu 2008 er með 107 m haflengd, bogabrá á Þjórsá frá 2003 er með 78 m haflengd og bogabrá á Eldvatn frá 2018 með 78 m haflengd. Auk þessara bogabráa þá eru nokkrar

hengibrýr á Þjóðvegakerfinu, þ.m.t. núverandi brú á Ölfusá, sem byggðar eru á árunum 1945-1967 og með haflengdir á bilinu 70-112 m.

Ferlið hingað til

Aðdragandi að verkefninu er nokkuð langur en útboðsferlið hófst í mars 2023 þegar Vegagerðin óskaði eftir þátttakendum í samkeppnisútboð. Margir sýndu verkefninu áhuga og fimm aðilar voru metnir hæfir og boðið að taka þátt í útboðinu í nóvember 2023. Þegar tilboð voru opnuð í mars 2024 hafði einungis einn aðili sent inn tilboð; ÞG verktakar. Í framhaldi fóru fram samningsviðræður sem er lokið en beðið er eftir ákvörðun stjórnvalda til að ljúka samningsferlinu.

Áætlaður framkvæmdakostnaður við verkið í heild sinni er 14,3 ma.kr. á verðlagi ársins 2024. Þar af er brúin talin kosta um 8,4 ma.kr. Fjármagnskostnaður (verðbætur til verkloka og framkvæmdafjármögnun) vegna lántöku er áætlaður 3,6 ma.kr. Samtals er því heildarkostnaður við verkið áætlaður um 17,9 ma.kr. sem ætlunin er að standa undir með gjaldtöku af umferð.

Verkefnið er boðið út sem alútbóð og lokahönnun brúarinnar og annarra mannvirkja er á höndum verktakans. Hagkvæmni byggir ekki síst á byggingaraðferðinni og með því að lokahönnun sé á höndum verktakans getur hann haft áhrif á endanlegar útfærslur sem byggja þó á ákveðinni viðmiðunarhönnun skv. útboði. Með því móti er hægt að nýta frumkvæði og þekkingu verktakanna.

Umferðarspár Vegagerðarinnar gera ráð fyrir að umferð um nýja brú á Ölfusá á opnunarári 2028 verði um 7.000 ökutæki/sólarhring að meðaltali. Til samanburðar má nefna að ársdagsumferð um núverandi brú er um 14.500 ökutæki/sólarhring. Áfram verður töluverð innanbæjarumferð um núverandi brú en öllum þungaflutningum verður beint um nýja brú. Verkefnið er unnið á grundvelli laga um samvinnuverkefni þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði fjármögnuð með gjaldtöku af umferð. Hvert veggjaldið þarf að vera og hvað við erum tilbúin til að greiða er svo efni í aðra grein.

Guðmundur Valur Guð-

mundsson,

brúarverkfræðingur og

framkvæmdastjóri próunarsviðs

Vegagerðarinnar.



Kvöldstemning

Fimmtudagskvöldið 21. nóvember er komið að hinni árlegu kvöldstemningu okkar. Kl. 18 verður kveikt á jólaljósunum í bænum og af því tilefni höfum við opið lengur. Sköpum jólastemninguna saman.

Þú færð allt fyrir jólin í Árborg – og meira til!
Verslum í heimabyggð!



Öll fyrirtæki sem eru með opið lengur setja kerti út hjá sér.



KYNNING FRÁ MS
GLÆSILEGT OSTAHLAÐBORD!
JÓLABJÓR OG JÓLAÖL Í BOÐI
OG FRÍÐA HANSEN SPILAR
LJÚFA TÓNA

JÓLAKVÖLD ILVA

FIMMTUDAGINN 21. NÓV
ÓPIÐ TIL KL.22

30-50%
AFSLÁTTUR AF
JÓLAVÖRUM



25%
AFSLÁTTUR AF
VANILLA BLACK!



50%
AFSLÁTTUR AF
GÆRUSKINNUM



40%
AFSLÁTTUR AF
AROMA ILMUM



ILVA Selfossi, Austurvegur 69

Virkir dagar 11:00 - 18:00, laugardaga 11:00 - 17:00, sunnudaga - lokað



25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
OG FLEIRI FRÁBÆR TILBOÐ

GJAFAPOKAR FYRIR FYRSTU
20 VIÐSKIPTAVININA!
HNOTUBRJÓTUR OG ILMKERTI Í
ÖLLUM GJAFAPOKUM

*SEM VERSLA FYRIR 10.000 KR. EDA MEIRA



40%

AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM VÍINGLÖSUM



25%

AFSLÁTTUR AF RAW LÍNUNNI
FRÁ AIDA

**Samfylkingin**





Opinn fundur í Hveragerði með frambjóðendum Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi

Samfylkingin í Suðurkjördæmi býður íbúum í Hveragerði og nágrennis til opins fundar, föstudaginn 22. nóvember kl. 16.

Við hvetjum alla, sama þó að þið séuð ákveðin eða óákveðin, að koma og taka þátt í mikilvægu samtali.

Þín þátttaka skiptir máli!

Evrópudagur handleiðslu

Evrópudagur handleiðslu er í dag, 21. nóvember. Handís, fagfélag handleiðara á Íslandi, er aðili að Evrópusamtökum handleiðara og því er deginum fagnað á Íslandi.

Hver er faghandleiðari?

Faghandleiðari hefur lokið námi í handleiðslu. Námið er þverfaglegt framhaldsnám til diplómu og hefur um árabil verið kennt hér á landi. Inntöskilyrði hafa verið löggild starfsréttindi á sviði mennta-, heilbrigðis-, og félagsvísinda eða frá guðfræði- og trúarbragðadeild. Að auki þarf viðkomandi að búa að starfsreynslu og hafa sjálfur verið töluvert í handleiðslu. Námið er að hluta til fræðilegt en að miklu leyti byggir það á klínískri þjálfun. Að námi loknu hefur handleiðarinn öðlast hæfni til að veita handleiðslu í faglegu starfi, hvort sem er einstaka fagmanni og stjórnanda eða innan stofnana og fyrirtækja.

Hvað gerir faghandleiðari?

Handleiðsla er aðferð til að þess að efla fagmennsku, vernda fagmanninn og tryggja gæði í þjónustu. Hún hjálpar við að greina á milli starfs og einkalífs. Væntingar handleiðsluþega, markmið og tilgangur handleiðslunnar ráða mestu um hvaða gagnreyndu nálgun faghandleiðari beitir. Hvort hann velur hlut-

verka- eða ferlislíkan, þroskalíkan eða samþætta nálgun.

Einstaka handleiðsluþegar vilja til dæmis átta sig á áhrifum þjónustuþega á þá, greina hvernig uppvöxtur mótar nálgun í starfi, rýna í samskipti, vinna með álag eða einfaldlega þróa fagmennsku sína. Vinnustaði langar að bæta þjónustu, þróa vinnustaðameningu, takast farsælega á við breytingar, slípa saman þverfagleg teymi eða ná árangursríkara samstarfi við aðrar stofnanir. Hér er aðeins tæpt á örfáum dæmum því óskirnar eru margvíslegar.

Nær faghandleiðari árangri? Árangur af handleiðslu er bundinn markmiðum og tilgangi sem handleiðari og handleiðsluþegi sammælast um í upphafi handleiðslusambands. Best er ef endurgjöf er regluleg og tíð. Hægt er að ljúka handleiðslutíma með því að gefa handleiðsluþega tækifæri til að segja til um gagnsemi tímans. Ef þannig vill til staldrar handleiðari jafnvel við í miðjum handleiðslutíma.

Einkum er metið hversu skýrar áherslur eru í handleiðslunni, hversu góður skilningur ríkir milli aðila, hvort gagn sé að handleiðslunni og, ef um hóp eða teymi er að ræða, hvort handleiðari hafi skilning og færni í að stýra umræðum og samskiptum. Um hvað er verið



að biðja? Er handleiðslan á réttri leið?

Fagaðili sem sækir reglulega handleiðslu eykur líkurnar á árangri þar sem handleiðsla snýst um hans lærdóms- og þroskaferli. Hið sama má segja um stofnanir sem innleiða handleiðslustefnu. Mat á árangri er ótvírætt fyrir handleiðarann. Hreinskilið og rökstutt mat hjálpar honum að auka gæði handleiðslunnar sem hann veitir.

Þetta hraðsoðna greinarkorn er til að fagna Evrópuþegi handleiðslu og hvetja fagfólk og stjórnendur til að kanna möguleika faghandleiðslu fyrir sig og stofnanir sínar.

Pórunn Jóna Hauksdóttir, nemaaðild að Handís, fagfélagi handleiðara á Íslandi.

Framlagning kjörskrár vegna kosninga til Alþingis þann 30. nóvember 2024



Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis þann 30. nóvember 2024 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í stjórnsýsluhúsinu á Borg frá og með 9. nóvember 2024 til kjördags.

Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00-15:00 og föstudaga frá kl. 9:00 – 12:00

Kjölfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjölfundur vegna kosninga til Alþingis fer fram laugardaginn 30. nóvember 2024. Kosið verður í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Kjölfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

**MÍMIR** NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANNS AÐ LAUGARVATNI

UMSJÓN:
SÆBJÖRG ERLA GUNNARSDÓTTIR
OG ÍRIS DRÖFN RAFNSDÓTTIR

LEYNIVINAVIKA Í MENNTASKÓLANUM AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR.

Það ríkti stórfengleg spennan hjá nemendum þegar hin árlega leynivínaveika var haldin af nemendaráðinu Mími í Menntaskólanum að Laugarvatni í síðustu viku. Leynivínaveika gengur út á það að nemendur draga nafn einhvers í skólanum sem gerist þá leynivínur og hefur sá nemandi alla vikuna í að gleðja leynivín sinn á einn eða annan hátt. Sá sem gerist leynivínur þinn má alls ekki vita af því að þú ert með hann. Uppsetningin var þannig gerð að nemendur þriðja bekkjar drægju nafn einhvers í öðrum bekk, nemendur í öðrum bekk drægju einhvern í fyrsta bekk og nemendur í fyrsta bekk drægju einhvern úr þriðja bekk. Þó að mörgum hafi fundist gaman að fara út í búð að splæsa í litlar gjafir handa leynivíni þar þeim þess alls engin skylda. Margir tóku það að sér að syngja fyrir leynivín, aðrir létu vini fara með frumsamið ljóð fyrir leynivín sinn og sumir skrifuðu einfaldlega bara fallegt bréf til að kæta og gleðja. Margt smátt gerir eitt stórt. Í lok vikunnar á föstudegi var svo náttfatadagur þar sem ýmsir nemendur og starfsmenn klæddust kósýgöllum í skólanum. Um kvöldið var fagnað með balli. Á meðan ballinu stendur ganga rósir á milli hvers og eins til að tilkynna hver var með hvern í leynivín. Sá sem gaf þér rós var með þig í leynivín og þannig gengu rósirnar á milli. Þetta var svo sannarlega viðburðarík vika og nemendur munu seint gleyma leynivínaveikunni 2024.



Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, ritnefndarformaður.
Íris Dröfn Rafnsdóttir, vef- og markaðsformaður.



Telja að kennarar beiti verkfallsrétti á óréttlátan máta

Hersir, félag ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu, hefur áhyggjur af yfirstandandi verkfalli kennara við FSu. Verkfall kennara við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) hefur staðið yfir í þrjár vikur og virðist ekki sjást í land í bráð. Hersir virðir verkfallsrétt kennara en telur að honum sé beitt á óréttlátan máta í þessu tilfelli. Hingað til hafa nemendur FSu verið einu framhaldsskólanemar á landinu sem hafa verið undir höggi verkfallsaðgerða kennara þangað til nú þegar að kennarar við Menntaskólann í Reykjavík hófu verkfall. Okkur þykja aðferðir Kennarasambands Íslands

(KÍ), að fara í verkfallsaðgerðir gagnvart einstaka skólum, vera óréttlátar enda hefur verkfallið gífurleg áhrif á nemendur og námsferil þeirra. Verkfallsaðgerðirnar virðast ekki hafa verið til þess fallnar að ýta við undirritun kjarasamninga kennara við ríkið og sveitarfélög en lítið hefur farið fyrir aðgerðunum í opinberri umræðu. Að frumkvæði Hersis ákvað hópur nemenda að mæta í skólann í dag til að ræða óréttlátar aðgerðir KÍ gagnvart nemendum FSu í dag. Ábyrgð beggja aðila er rík og hvetjum við þá til þess að ná saman sem allra fyrst þannig að nemendur geti snúið aftur í skólann.

Stjórn Hersis, félags ungra sjálfstæðismanna í Árnessýslu.



Ný sýning í galleríinu Undir stiganum

Nýlega opnaði myndlistarkonan Sigurlín Grímsdóttir sýningu í galleríinu Undir Stiganum en það er staðsett í Bæjarbókasafni Ölfuss. Á sýningunni eru vatnslitamyndir en Sigurlín vinnur bæði með vatnsliti og olíumálningu.

Hún sækir myndefnið úr umhverfinu og eru þau innblásin af íslenskri náttúru og daglegu lífi. Sýningin stendur út nóvember og er opin á opnunartíma Bæjarbókasafnsins.



Byggingahönnuður – Suðurland



VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Yfir 350 manns starfa hjá fyrirtækinu að fjölbreyttum verkefnum á Íslandi og erlendis. Verkís er með útibú í öllum landshlutum. Það er metnaður stofunnar að veita staðbundna þjónustu sem víðast á landinu með stuðningi annarra sérfræðinga.

Ef þú vilt taka þátt í spennandi verkefnum og vinna í skemmtilegu umhverfi þar sem bæði fagleg þróun og vellíðan starfsfólks eru í fyrirrúmi, þá er þetta tækifærið fyrir þig. Verkís óskar eftir að ráða byggingarverkfræðing, -tæknifræðing eða byggingafræðing í útibú Verkís á Selfossi. Starfið felst í fjölbreyttum hönnunar- og ráðgjafarverkefnum, útboðsgagnagerð, kostnaðaráætlanagerð og eftirliti með verkframkvæmdum. Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna metnað, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði eða byggingafræði
- Reynsla af hönnun í mannvirkjagerð
- Góð kunnátta í teikniforritum t.d. AutoCad, Revit eða Civil 3D
- Þekking á BIM aðferðafræðinni og notkun líkana við hönnun er kostur
- Gott vald á íslensku, ensku og gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2024

Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi og frábæra vinnufélaga. Verkefni eru fjölbreytt og starfsfólkið okkar getur nýtt sér sveigjanlegan vinnutíma til að samræma sem best vinnu og einkalíf. Hjá Verkís hefur allt starfsfólk 30 daga orlof óháð starfsaldri og full dagvinnulaun í fæðingarorlofi í allt að 7,5 mánuð.

Nánari upplýsingar veita Ari Guðmundsson, útibússtjóri Verkís á Suðurlandi, arg@verkis.is Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, aoa@verkis.is

Upplýsingar um störfín eru á umsóknarvef Verkís – www.verkis.is





Við bjóðum í vöflukaffi næstkomandi laugardag!

kl. 11.00 23. nóvember

Sal Framsóknar - Eyravegi 15

Sérstakir gestir:
Sigurður Ingi Jóhannsson & Fida Abu Libdeh
2. & 4. sæti á lista Framsóknar

Öll velkomin!
Framsókn í Árborg

Alþingiskosningar fara fram þann 30. nóvember 2024



Kjörstaður í Flóahreppi vegna kosninga til Alþingis verður í félagsheimilinu Félagslund.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Flóahrepps á opnunartíma skrifstofu fram til kl. 13:00 þann 29. nóvember 2024. Einnig er tekið við utan-kjörfundaratkvæðum á sama stað fram að kosningadegi.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Alþingiskosningar fara fram þann 30. nóvember 2024



Kjörstaðir í Bláskógabyggð vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024 eru tveir:

- I. Reykholtsskóli, Reykholti, fyrir íbúa í Biskupstungum.
- II. Bláskógaskóli Laugarvatni, Lindarbraut 6, fyrir íbúa í Laugardal og Þingvallasveit.

Kjörfundur hefst í báðum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki og framvísa þeim ef óskað er. Einstaklingar búsettir erlendis, sem hafa kosningarétt í Bláskógabyggð, eru á kjörskrá í kjördeild I, Reykholtsskóla, Reykholti.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu frá og með 9. nóvember 2024 fram til kl 12:30 29. nóvember 2024

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar

Efndi til tónleika til þess að efla menningu og listir fyrir börn

Drungalegir tónar fóru fram sunnudaginn 10. nóvember sl. í menningarsalnum á Hellu. Svala Norðdahl var skipuleggjandi tónleikanna. Hún segist vilja efla menningu og listir barna og ungmenna.

„Ég hef haft áhuga á sviðslistum frá því ég man eftir mér, hef farið í leikhús og tónleika með foreldrum mínum frá því ég var smákrakki. Ég elskaði að búa til leikrit og flytja tónlist fyrir fjölskylduna og fannst enn skemmtilegra að stunda þetta í skólanum. Ég fékk ekki mikla hvatningu í mínum skóla og var ákveðin í að sanna mig sem sviðslistamann eftir að ég fór að nálgast unglingsárin. Það gekk ekkert rosalega vel í fyrstu þar sem ekki var mikill áhugi fyrir listgreinum í litla samfélaginu mínu. Ég ákvað að gefast ekki upp og reyna að glæða samfélagið af list og gerði alls konar tilraunir til að búa til tækifæri fyrir ungt fólk til að stunda sviðslistir. Þegar það gekk ekki ákvað ég að best væri að byrja á börnunum því þau eru enn svo móttækileg og fordómalaus. Ég hef haldið nokkur leiklistarnám-skeið sem hafa gengið mjög vel. Svo kom að því að gera það sem mig hefur dreymt um: að skapa minn eigin viðburð.“

Þegar Svala sá auglýsingu á Facebook um að hægt væri að sækja um styrk í menningarsjóð hjá Rangarþingi ytra hugsaði hún með sér að þetta væri tækifæri til að láta draum sinn rætast og að uppfylla ósk sína um að reyna að efla menningu og listir fyrir börn og ungmenni í sveitinni. „Ég sótti um styrk og fékk hann og er mjög þakklát fyrir þennan frábæra stuðning og hvatningu frá snillingunum sem eru nú við völd í Rangarþingi ytra,“ segir Svala.

Nú var bara að hefjast handa og láta hugmyndaflugið fara á flug. Hugmyndin var að gera eitthvað þar sem öll fjölskyldan gæti skemmt sér saman og langaði Svölu að hafa eitthvað þema.

„Ég vildi ekki fara í jólatónleikaslaginn en datt í hug að það væri svolítið óþægður akur í hrekkjavökubransanum svo ég sló til og bjó til viðburð sem átti að vera drungalegur en ekki hræðilegur svo allir gætu haft gaman af,“ tekur Svala fram.

Svo var að þetta endaði sem „Drungalegir tónar“ með tónlist sem passaði við þemað. Vonda fólkið í hinum ýmsu sögum, leikritum og bíómyndum urðu fyrir valinu. Þá gafst tækifæri til að segja stuttar sögur í kringum hvert lag, með því gátu börnin

notað sitt hugmyndaflug til að fara í ferðalag með flytjendum.

Svala stóð ekki ein fyrir tónleikunum heldur fékk hún gott fólk með mér í þetta verkefni og það var ekki erfitt að hennar sögn.

„Ég hafði samband við efni-legt tónlistar- og leiklistarfólk á Suðurlandi og ekki stóð á svörum. Allir voru til í verkefnið sem endaði með meiri háttar skemmtilegum tónleikum þar sem gestir á öllum aldri (frá 6 mánaða upp í 85 ára) skemmtu sér konunglega saman.“

Listafólkið sem gerði þennan viðburð að veruleika eru; Arilíus Smári Orrason, Sólmundur Ingi Símonarson, Gisella Hannesdóttir, Óskar Snorri Óskarsson, Oddur Helgi Ólafsson, Hulda Guðbjörg Hannesdóttir, Hekla Norðdahl, Hanna Tara Björnsdóttir og Sigurður Mattías Sigurðarson, hljóðið sá svo Skafti Flosason um.

„Þetta hefði aldrei getað orðið að veruleika nema með þeirri aðstoð sem ég fékk hjá fallega sveitarfélaginu mínu og frábæra unga listafólkinu á Suðurlandi, það er mín einlæg von að þetta verði til þess að auka á menningarsamfélagið okkar sem fer nú bara vaxandi,“ segir Svala að lokum.





ÍBÚAfundur

Mölnarverksmiðja í Keflavík

ER RYK- HÁVAÐA EÐA TITRINGSMEGUN?
Dr. Ragnheiður Björnsdóttir, verkfræðingur Eflu

ÁHRIF Á VEGAKERFID, AUKINN UMFERÐARÞUNG
Sigurður Steinar Ásgeirsson, skipulagsfulltrúi

UMHVERFISÁHRIF AF SJÁVARNÁMU
Þorleifur Eiríksson, Rorur

ÁHÆTTUMAT HAFNA
Sigurður Áss Grétarsson, hafnarverkfræðingur

FYRIRSPURNIR OG UMRÆÐUR
Fundarstjóri: Ólína Þorleifsdóttir

VERSÖLUM
21. NÓV
KL. 20:00

Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir alþingiskosningar 30. nóvember 2024.



Afgreiðslutími utankjörfundaratkvæðagreiðslu á skrifstofum embættisins verður lengdur síðustu tvær vikur fyrir kosningar sem hér segir:

Hafnarbraut 36, Höfn í Hornafirði

- 25. – 27. nóvember. Opið kl. 09:00 - 16:00.
- 28. – 29. nóvember. Opið kl. 09:00 – 17:00.
- Kjördag, 30. nóvember. Opið kl. 10:00-14:00.

Ránarbraut 1, Vík í Mýrdal

- 25. – 28. nóvember. Opið kl. 09:00 - 16:00.
- 29. nóvember. Opið kl. 09:00 – 17:00.
- Kjördag, 30. nóvember. Opið kl. 10:00-13:00.

Austurvegi 6, Hvalsvellir

- 25. – 28. nóvember. Opið kl. 09:00 - 16:00.
- 29. nóvember. Opið kl. 09:00 – 18:00.
- Kjördag, 30. nóvember. Opið kl. 10:00-14:00.

Hörðuvöllum 1, Selfossi

- 18. – 22. nóvember. Opið kl. 09:00 - 17:00.
- Laugardaginn 23. nóvember. Opið kl. 10:00 -12:00.
- 25. – 28. nóvember. Opið kl. 09:00 - 18:00.
- 29. nóvember. Opið kl. 09:00 - 20:00.
- Kjördag, 30. nóvember. Opið kl. 10:00 - 15:00.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms eða fötlunar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, eigi síðar en kl. 10:00, fimmtudaginn 28. nóvember nk.

Umsóknareyðublað er hægt að fá á skrifstofum embættisins og á vefsíðunni www.kosning.is. Umsóknir óskast sendar á netfangið sudurland@syslumenn.is eða lagðar fram á skrifstofum embættisins.

Kosning á stofnunum

Sjá auglýsingu á www.kosning.is og www.syslumenn.is

Ýmsar upplýsingar og eyðublað vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni www.kosning.is

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í samstarfi við sveitarfélög o.fl. vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024

Hægt er að kjósa utan kjörfundar á eftirtöldum stöðum í umdæminu, auk skrifstofa embættisins:

- Á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opnunartími kl. 09:00 – 12:00 og kl. 13:00 – 16:00 mánudaga til fimmtudaga, föstudaga kl. 9:00 – 13:00.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk, Hveragerði. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 – 15:00 og föstudaga kl. 10:00 – 12:00.
- Á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00 – 15:00, föstudaga kl. 9:00 – 12:00.
- Á skrifstofu Bláskógabyggðar 2. hæð í Aratungu, Reykholti. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00, föstudaga kl. 8:30 – 12:30.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 – 14:00, föstudaga kl. 09:00 – 12:00.
- Á heimili Pálínu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Öræfum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Samfylkingin



Kosningafundur með Krístrúnu á Selfossi

24. nóvember

16:00

Tryggvaskáli

Viltu vita meira?
Kíktu á viðerummeðplan.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
21. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 21. nóvember kl. 14:45

BLOKKFLAUTUSVEIT

Tónlistarskóla Árnesinga

Kaffi 200 kr.

Kaffi og kökur 1500 kr.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í iþróttatræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJA

Þorlákskirkja

Samvera sunnudaginn 24. nóv.
kl. 17:00. Íhugun - söngur -
bæn. Verum öll velkomin.

Úthlíðarkirkja

Messa í Úthlíð 24. nóvember kl.
14. Kristín prestur þjónar fyrir
altari og prédikar, Jón Bjarnason
leikur á orgel, Hjördis Björnsdóttir
er meðhjálpari og Ágúst Flóki
Þorsteinsson hringir inn. Messu-
kaffi í Réttinni á eftir messu.
Innilega velkomin.

Selfosskirkja

Messa með altarisgöngu klukk-
an 11. Séra Ása Björk þjónar,
kirkjukórinn og Ester organisti
leiða sönginn.

Sunnudagaskóli kl. 11 undir
leiðsögn Sjafnar og leiðtoganna.

Annað starf í Selfosskirkju:

Þriðjudagur: Kl. 12:00 Tíðasöng-
ur, kl. 14:00 Þriðjudagssamvera.
Gestur er Þuríður Jónsdóttir

Miðvikudagur: Morgunbætur
kl. 10:00. Lestur á Aðventu eftir
Gunnar Gunnarsson hefst.
Krílasálmur miðvikudag kl.
10:30. Foreldramorgnir kl.
11:00.

Gaulverjabæjarkirkja

Messa með altarisgöngu klukk-
an kl. 14:00. Séra Ása Björk
þjónar, kirkjukórinn og Haukur
organisti leiða sönginn.

Víkuprestakall

Innsetningarmessa verður í
Víkurkirkju þann 24. nóvember
nk., en þá mun sr. Óskar H.
Óskarsson prófastur setja sr.
Jóhönnu Magnúsdóttur í emb-
ætti sóknarprests í Víkupresta-
kalli. Félagar úr Samkór Mýr-
dælinga leiða safnaðarsöng við
undirleik Brians R. Haroldssonar.
Athöfnin hefst kl. 13:00 og allir
eru hjartanlega velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Fjölskyldumessa verður kl.
11:00 í Skálholtsdómkirkju
sunnudaginn 27. nóv. nk. Séra
Kristín Þórunn Tómasdóttir pr-
edikar og þjónar fyrir altari,
Bergþóra Ragnarsdóttir djákni
verður með sögu og söngva
fyrir börnin, Jón Bjarnason leikur
á orgel og stýrir safnaðarsöng.
Litir og leikföng verða á sínum
stað. Boðið verður upp á léttan
hádegisverð í Gestastofunni eftir
messu.

Við flautum þrisvar
fyrir Ölfusárbrúnni

Hvenær sem ég ek yfir Borg-
arfjarðarbrúna flauta ég
þrisvar. Gert til heiðurs Halldóri
E. Sigurðssyni samgönguráð-
herra sem stóð að þessari miklu
samgöngubót á sínum tíma. Nú
hefur Sigurður Ingi Jóhannsson

tekið fyrstu skóflustunguna að
nýrri brú á Ölfusá og í fram-
tíðinni munum við flauta þrisvar
af þakklæti því ekkert mannvirki
er jafn mikilvægt fyrir Selfoss og
samgöngurnar hér á Suðurlandi.
Með þessari samþykkt Alþingis
og skóflustungunni eru allar
deilur að baki um titlingaskít og
aukaatriði og vitleysu. Skógrækt-
armenn Selfoss gerðu ráð fyrir
þessari brú þarna fyrir fimmtíu
árum, trjáam var ekki plantað í
vegstæðið væntanlega. Á síðustu
misserum hafa þrasgjarnir menn
lagst í mikla gagnrýni á brúna og
brúarstæðið sem hefði getað tafið
þessa framkvæmd um aldarfjórð-
ung í viðbót. Hafðu heila þökk
Sigurður Ingi Jóhannsson, til þín
er nú hugsað hlýtt af bökkum
Ölfusár, og reyndar úr kjördæm-
inu öllu.

HEILSA

Dáleiðsla
Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Þjáist þú
af einhverju
eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælmi
Fíkn • Krónískir verkir
Fortíðar draugar • Áföll
Gömul áföll
Kvíði • Þráhyggja

Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi

Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,
samtalsmeðferð

Svandís Birkisdóttir
svandisb@gmail.com
Sími 835 8555



Guðni Ágústsson.

Jólamarkaður
á Flúðum 2024

Jólamarkaðurinn á Flúðum hefur nú þegar markað sér sess í
upphafi jólaundirbúnings á fjölmörgum heimilum.

Markaðurinn verður haldinn laugardaginn 30. nóvember 2024
milli kl. 13:00 og 16:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Fjölbreytt vöruúrval, ristaðar möndlur fyrir alla, jólasveinar
gleðja ungvíðið, veitingar og ljúf stemning.

Heidelberg í höndum íbúa

Umræða um fyrirhugaða uppbyggingu Heidelberg í Þorlákshöfn hefur verið áberandi undanfarnar vikur. Ekki eru allir íbúar Þorlákshafnar hlynntir starfseminni og hefur verið boðað til íbúakosningar vegna málsins. Hún fer fram samhliða Alþingiskosningunum og mun standa í tvær vikur, frá 25. nóvember til 9. desember.

Þorsteinn Víglundsson, talsmaður Heidelberg á Íslandi, segir íbúa ekki þurfa að hafa áhyggjur af verksmiðjunni.

Móberg umhverfisvænn kostur

Í Heidelberg-verksmiðjunni mun fara fram mólun á móbergi. Það er þurrkað og malað niður í sementsfínleika. Móbergið er mun umhverfisvænna en hefðbundið sement og lækkar kolefnisfótspor umtalsvert. Móberg er frá náttúrunnar hendi brennt efni. Það verður til þegar kvika kemst í snertingu við vatn. Þá sundrast efnið og verður glerkennt og skapar efnafræðilega eiginleika. Það skilar styrk á við venjulegt sement þó að það taki örlítið lengri tíma. Munurinn er kolefnisfótspor sements. Það er talið ábyrgt fyrir um 8% af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Móberg er hins vegar án kolefnisfótspors fyrir utan það sem kom þegar gaus á sínum tíma. Notkun efnisins veldur ekki losun gróðurhúsalofttegunda.

Móberg er ekki algeng bergtegund í heiminum en hún er mjög algeng á Íslandi, ein sú algengasta. „Þetta er skemmtilegt tækifæri til þess að bæði skapa fram mjög virðisaukandi framleiðslu úr íslensku jarðefni en um leið líka að hjálpa til við að minnka gróðurhúsalofttegundir á heimsvísu,“ segir Þorsteinn Víglundsson í samtali við Dag-skrána.

„Byggingariðnaður er almennt að leita leiða til þess að lækka kolefnisfótsporið. Á heimsvísu er kolefnisfótspor bygginga mjög hátt. Bæði þá á rekstrartíma bygginganna og orkunotkunar þeirra, en ekki síst á byggingartíma og þar hefur til dæmis ekki verið talið raunhæft að skipta út steinsteypu fyrir



önnur byggingarefni. Við getum aldrei skipt út steinsteypu fyrir timbur að fullu. Steinsteypan og sementið hefur verið þetta staðbundna byggingarefni sem gengur alls staðar í heiminum. Við þekkjum það vel hér að við eigum ekki skóga til þess að byggja úr og það á náttúrulega við víða annars staðar. Þannig að það er svona meginástæðan fyrir því að við erum að horfa til þessarar framleiðslu,“ segir Þorsteinn.

Áætlað er að flytja móbergs-sementið út til Skandinavíu og Norður-Evrópu.

Þorlákshöfn hentug staðsetning

Aðspurður af hverju hann vilji að Þorlákshöfn verði staðurinn fyrir þessa starfsemi segir hann það mjög hentuga staðsetningu.

„Þorlákshöfn býður í fyrsta lagi upp á möguleika til hafnar sem er mjög mikilvægur þáttur. Framleiðsla sem þessi þarf að fara fram við höfn vegna flutninga á fullunnu efni sem er nauðsynlegt til þess að geta skipað því beint út í skip. Það eru stórir móbergsstapar hérna hjá Þrengslunum. Þar er hugsunin að nýta þá tvö svæði sem þegar hafa verið skilgreind sem námusvæði, það er að segja litla Sandfell og Lambafell. Hugmyndin er að vinna efni úr sjó í Landeyjahöfn, dæla því upp þar og dæla því á land við verksmiðjuna til þess að draga úr landflutningum efnis. Þannig að við gerum ráð fyrir að að minnsta kosti tveir þriðju hlutar efnisins kæmu frá Landeyjum og

afgangurinn héðan úr Þrengslunum. Svo liggur Þorlákshöfn vel að alþjóðlegum skipaflutningum. Þannig að þetta er hagstæð staðsetning gagnvart alþjóðlegum flutningum.“

Óánægja meðal íbúa

Íbúar hafa margir lýst yfir óánægju sinni með þessa verksmiðju. Þorsteinn segir að tekið sé tillit til þeirra.

„Við höfum frá upphafi lagt okkur mjög fram um að eiga gott samstarf bæði beint við íbúana sjálfa og sveitarfélagið hér og aðra atvinnustarfsemi á svæðinu. Við höfum átt ítrekaða samráðsfundi við íbúa með íbúafundum sem við byrjuðum bara mjög fljótlega í undirbúningsferli verkefnisins að halda. Ég held að við höfum haldið fimm íbúafundi fram til þessa og stefnum á það að halda þann sjötta 27. nóvember, rétt fyrir kjördag í Alþingiskosningum. Þar höfum við verið að hlusta eftir þeim áhyggjum sem fram hafa komið.“

Hann segir að upphaflega hugmyndin hafi verið að hafa verksmiðjuna alveg ofan í bænum en að leitað hafi verið annarra leiða eftir að óánægja íbúa kom í ljós.

„Þá fórum við að leita leiða til þess að breyta því í grundvallaratriðum. Við ákváðum þá að fara frekar í að færa verksmiðjuna út á iðnaðarsvæðið vestan megin við bæinn og byggja þá nýja höfn. Engir flutningar þyrftu að fara í gegnum bæinn og framleiðslan væri ekki ofan í

bænum eins og upprunalega var gengið út frá. Við fórum að leita leiða til þess að draga jafnframt úr vægi landflutninganna.“

Verða ekki vör við hljóðmengun

Þorsteinn segist skilja áhyggjur íbúa af umfangsmiklum landflutningum.

„Þetta eru stór flutningatæki og eðlilegt að fólk hafi áhyggjur. Við höfum jafnframt skoðað mjög vandlega hvort að það séu einhverjir aðrir þættir sem að íbúar þyrftu að hafa áhyggjur af og það er alveg ljóst að það yrði aldrei vart við einhverja hljóðmengun frá verksmiðjunni hér. Við höfum látið mæla hljóðstyrk á svæðinu og stærsti hljóðgjafinn hér á svæðinu er einfaldlega sjórinn við ströndina og bara veður almennt. Hljóðstig verksmiðjunnar við lóðarmörk samsvavar þeim kröfum sem gerðar væru til iðnaðarframleiðslu í íbúðabyggð að nærtlagi. Þannig að við teljum að það verði ekkert vandamál hér.“

Hann tekur einnig fram að ekkert ryk muni koma frá verksmiðjunni.

„Öll framleiðslan fer fram í lokuðum kerfum alveg frá því að hráefni berst til verksmiðjunnar þangað til að því er skipað út í skip. Síðan höfðu laxeldin ákveðnar áhyggjur af mögulegum titringi sem að við höfum látið mæla og er óverulegur. Á lóðarmörkum er hann minni en til dæmis vöruflutningabíll gefur frá sér. Þannig að það er ekki eitthvað sem við teljum að hafi nein áhrif á nágranna okkar sem að er mjög mikilvægt, að við séum ekki að hafa nein truflandi áhrif á aðra atvinnustarfsemi.“

Þorsteinn segir að það skapi tækifæri fyrir allt sveitarfélagið að byggja nýja höfn.

„Sveitarfélagið myndi eignast höfnina og verður hún öllum opin til notkunar. Þar er margvísleg starfsemi sem fyrirhuguð verður. Við höfum lagt okkur fram við það annars vegar að mæta þeim áhyggjum sem aðilar hefðu af starfseminni með því að sýna fram á með ítarlegum rannsóknum að það séu engar áhyggjur að hafa. Við teljum spennandi tækifæri fólgin í sam-

starfi við aðra aðila til framtíðaruppbyggingar hér.“

Íbúar hafa lokaorðið

Aðspurður að því hvað verði gert kjósi meirihluti íbúa á móti verksmiðjunni segir Þorsteinn þessa staðsetningu þá vera út úr myndinni.

„Bæjaryfirvöld hafa alveg verið skýr með það. Íbúakosning er bindandi. Niðurstaða þeirra ræður. Þannig að þá væri staðsetning hér út í myndinni. Þá myndum við væntanlega þurfa að leita annarrar staðsetningar fyrir þessa framleiðslu. Við höfum auðvitað horft til þess að þetta teljum við vera mjög góða staðsetningu. Við teljum að við höfum svarað þeim áhyggjum sem fram hafa komið í umræðunni og höfum tekið ábendingum frá íbúum mjög alvarlega. Við erum ekki að vinna neinar aðrar sviðsmyndir um staðsetningu fyrr en niðurstaða liggur fyrir hér. En það er alveg ljóst að íbúar ráða, þeir hafa lokaorðið um það hvort að þessi framleiðsla verði staðsett hér eða einhvers staðar allt annars staðar,“ tekur Þorsteinn fram.

Framleiðsla hefst 2028 eða 2029

Ef íbúar samþykkja starfsemina fer ferli í gang.

„Við erum að ljúka umhverfismati núna vegna efnisvinnslu við Landeyjar. Við gerum ekki ráð fyrir því að leyfisveitingaferli eða annað þar verði lokið fyrr en einhvern tímann á næsta ári. Að því gefnu auðvitað að verkefnið verði samþykkt og allt gangi, þá væri endanleg ákvörðun um byggingu tekin á miðju næsta ári. Við gerum ráð fyrir að það tæki um það bil þrjú ár að byggja verksmiðju og höfn þannig að hún gæti verið að hefja framleiðslu hér einhvern tímann 2028 eða 2029,“ telur Þorsteinn.

„Verkefnið finnst mér vera mjög spennandi og það er búið að vera mjög gaman að koma að undirbúningi og nú bíðum við bara spennt að sjá hvernig þetta fer,“ segir Þorsteinn að lokum.

EHJ-

Á RÚNTINUM

með frambjóðendum

Þættir þar sem Hrönn spjallar á léttu nótunum við frambjóðendur Suðurkjördæmis um komandi kosningar

HORFÐU INNI Á DFS.IS



Vel heppnaðir pólskir menningar- dagar í Listasafni Árnesinga

Helgina 9.-10. nóvember var boðið upp á pólska menningardaga þar sem pólsk/ íslenskir listamenn og hönnuðir kynntu verk sín og vörur. Nokkur hundruð manns komu til að kynna sér einstakt handverk og menningu Póllands. Pólski sendiherrann Maciej Duszyński hélt stutta ræðu og Pétur G.

Markan bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, Bragi Bjarnason bæjarstjóri Árborgar og Kristín Scheving safnstjóri LÁ og síðast en ekki síst Martyna Hopsa sem er starfsmaður safnsins og var einnig verkefnastjóri verkefnisins, héldu einnig stuttar ræður. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti viðburðinn.

Jacek Karwan og Anna Maria Tabaczynska fluttu tónlistaratriði, Maó Alheimsdóttir las úr nýrri bók sinni og Agnieszka Waszczeniuk sýndi teiknimyndir sínar sem og hélt hún einnig klippimyndasmiðju.

Viðburðurinn verður haldinn aftur að ári



Vetrartónar í Stokkseyrarkirkju



Þriðju tónleikar Vetrartóna í Stokkseyrarkirkju fara fram næsta laugardag, 23. nóvember, og hefjast kl. 17. Hjónin Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir söngkona og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari og tónskáld flytja vel þekkta íslenska og spænska vetrarsöngva í eigin útsetningum. Þau eru þekkt fyrir að skapa mikla nánd við áhorfendur, innlifun, frumlegt efnisval, heillandi framkomu, tilfinninganæma túlkun og áhugaverðar kynningar, sem færa hlustendur

inn í heim hvers lags fyrir sig. Í ár kom út með þeim geisladiskurinn Atli Heimir Sveinsson – sönglög með gítar en samtals hafa þau komið fram saman á alls níu plötum. Þá stofnuðu þau og stjórna hinni árlegu tónlistarhátíð Sönghátíð í Hafnarborg. Aðgangur er ókeypis á alla tónleika Vetrartóna en tónleikagestum stendur til boða að leggja til frjáls framlög sem renna beint til tónlistarfólksins. Tónleikaröðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands.



ALHLIÐA BYGGINGA- VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.

Tilboð eða tímavinna.

Skoðum öll verk.

Endilega hafið samband á
360smidi@360smidi.is
erum á Selfossi.

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is